TILMÆLI

Norðurlandaráð

Tilmæli 1/2015

Fyrra skjalsnúmer:
A 1635/præsidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00284-16

Aukið norrænt samstarf um þróunaraðstoð

Með tilvísun til 45. og 56. greinar í Helsingfors-samningnum hefur Norðurlandaráð þann 27. janúar 2015 samþykkt eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu forsætisnefndar.

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að þær taki virkan þátt í viðleitni til að efla norrænt samstarf um þróunaraðstoð

Mariehamn den 27 januari 2015

Höskuldur Þórhallsson
Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin
Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Norðurlandaráð

Tilmæli 1/2015

Fyrra skjalsnúmer:
A 1635/præsidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00284-16

Norðurlandaráð

Tilmæli 1/2015

Fyrra skjalsnúmer:
A 1635/præsidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00284-16

Nefndarálit forsætisnefndar um

þingmannatillögu um að efla norrænt samstarf um þróunaraðstoð

1. Tillaga forsætisnefndar

Forsætisnefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að þær taki virkan þátt í viðleitni til að efla norrænt samstarf um þróunaraðstoð

2. Aðdragandi

Norðurlöndin eru í fararbroddi í heiminum þegar kemur að því að veita þróunaraðstoð til fátæka hluta heimsins. Á síðastliðnum árum hefur ekki verið formlegt norrænt samstarf um stefnu í þróunarmálum, en stundum hittast norrænir ráðherrar þróunarmála óformlega. Árið 2005 lagði flokkahópur íhaldsmanna í Norðurlandaráði til sameiginlega norræna stefnu um þróunaraðstoð. Hópurinn taldi að ná mætti fram betri og skilvirkari þróunaraðstoð og á þann hátt hjálpa fleiri einstaklingum, ef Norðurlöndin samhæfðu aðstoð sína þar sem þess væri kostur. Í stað þess að hvert land fyrir sig hefði sín verkefni, gætu Norðurlöndin skipulagt sameiginleg verkefni. En tillagan hlaut ekki hljómgrunn á þeim tíma.

Á vettvangi formlegra norrænna ráðherranefnda er samt stundum fjallað um málefnið. Umhverfisráðherrarnir hafa oft hnattræn málefni á dagskrá og norrænu landbúnaðarráðherrarnir lögðu til dæmis fyrir loftslagsfundinn í Kaupmannahöfn sérstaka áherslu á heildarlausn með tilliti til stórra viðfangsefna okkar tíma. Nánar tiltekið vildu þeir auka matvælaframleiðslu á loftslagsvænan hátt og vildu því stöðva loftslagsbreytingarnar til að gera þetta kleift.

Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) fékk nýtt umboð árið 2009 í krafti ákvörðunar norrænu samstarfsráðherranna – að áeggjan Norðurlandaráðs. Sjóðurinn hefur nú stjórn með gjafafjármögnun til

loftslagsfjárfestinga í fátækum þróunarlöndum. Stuðningur hefur verið veittur við u.þ.b. 50 verkefni í 18 þróunarlöndum.

Norðurlandaráð hefur á síðastliðnum árum lagt aukna áherslu á utanríkismál og í því samhengi hafa þróunarmál einnig verið rædd. Þannig var á síðasta þingi Norðurlandaráðs umræða um markmið SÞ fyrir tímann eftir árið 2015, þ.e.a.s. tímann eftir þúsaldarmarkmiðin, sem náðu fram til ársins 2015.

3. Umsagnarferli

Tillagan var lögð fram á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 28. október 2014 af Steingrími Sigfússyni (VG) fyrir hönd flokkahóps vinstri sósíalista og grænna:

„Stoltenbergskýrslan og sú hugmynd sem liggur að baki hennar, um að Norðurlöndin eigi að auka viðveru sína og samstarf á alþjóðavísu og samræma stefnu sína betur, fellur einnig mjög vel að samstarfi um þróunaraðstoð. Og það liggur ljóst fyrir að Norðurlöndin geta í mörgum tilfellum verið mun öflugri með auknu samstarfi. Til dæmis má hafa í huga þá ólíku sérfræðiþekkingu sem er til staðar í hverju Norðurlandanna: Ísland veit ýmislegt um fiskveiðar og jarðhita, Svíar og Finnar vita ýmislegt um skóga og svo framvegis. Það er ósk mín að ríkisstjórnir okkar, einnig með virkri þátttöku í Norðurlandaráði, skoði hvort ekki megi finna tilvalin verkefni á sviði þróunaraðstoðar þar sem við getum eflt samstarf okkar.“

Christina Gestrin (sv) gerði athugasemd við tillöguna fyrir hönd flokkahóps miðjumanna:

„Í samstarfi um þróunaraðstoð eru öll Norðurlöndin virk og Svíþjóð, Danmörk og Noregur eru til fyrirmyndar, en þau hafa náð þúsaldarmarkmiðinu um að greiða 0,7% af vergri þjóðarframleiðslu í þróunaraðstoð. Með aukinni samhæfingu þróunarsamvinnu, mætti gera þróunaraðstoðina skilvirkari og Norðurlöndin gætu byggt á sameiginlegri færni og reynslu af að hafa stundað samstarf um þróunaraðstoð í þróunarlöndum um langt skeið.

Þróunarsamstarf allra Norðurlandanna byggir á sömu gildum: mannréttindum, jafnrétti kynjanna, jafnrétti, góðri stjórnsýslu og sjálfbærri þróun. Sem liður í auknu samstarfi um öryggis- og utanríkismál, ætti aukið norrænt samstarf um stefnu í þróunarmálum að vera sjálfsagt mál.“

Aðrir flokkahópar gerðu ekki athugasemdir við tillöguna.

4. Sjónarmið forsætisnefndar

Tillaga flokkahóps íhaldsmanna frá því fyrir 10 árum síðan, um sameiginleg norræn þróunarverkefni, var mun víðtækari en nýja tillagan með tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um að taka virkan þátt í viðleitni til að efla norrænt samstarf um þróunaraðstoð.

Tillagan er ekki stíluð á Norðurlandaráð, en hér má einnig færa þróunarmálefni ofar á dagskrá, annað hvort með fundum með norrænu utanríkisráðherrunum eða hugsanlega með því að boða til hringborðsráðstefnu með fulltrúum norrænu þróunaraðstoðarráðherranna.

Norðurlandaráð

Tilmæli 1/2015

Fyrra skjalsnúmer:
A 1635/præsidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00284-16

5. Ályktun

Með hliðsjón af framangreindu leggur Forsætisnefnd til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að þær taki virkan þátt í viðleitni til að efla norrænt samstarf um þróunaraðstoð

Lysebu 1. desember 2014

Arto Pirttilahti (cent)
Bertel Haarder (V)
Eva Sonidsson (S)
Guðbjartur Hannesson (A)
Hans Wallmark (M)
Höskuldur Þórhallsson (F)
Høgni Hoydal (T)
Karin Gaardsted (S)
Marit Nybakk (A)
Michael Tetzschner (H)
Simo Rundgren (cent)

Norðurlandaráð

Tilmæli 1/2015

Fyrra skjalsnúmer:
A 1635/præsidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00284-16

Norðurlandaráð

Tilmæli 1/2015

Fyrra skjalsnúmer:
A 1635/præsidiet

Fjallað um í:
Forsætisnefnd

Málsnúmer 14-00284-16